

Skinney-Þinganes hf.
Krossey
780 Höfn í Hornafirði


Reykjavík 24. ágúst 2018
UST201702-082/S.P.
08.10.02

Efni: Fráviki frá ákvæði starfsleyfis lokið

Umhverfisstofnun vísar í eftirlitsskýrslu dags. 17. nóvember 2017 þar sem skráð var frávik frá gr. 2.24 í starfsleyfi Skinney-Þinganes hf, og varðar æfingar með flotgirðingu til varnar bráðamengun. Samkvæmt starfsleyfi er gerð krafa um að notkun flotgirðingar skuli æfð á a.m.k. fimm ára fresti og að fyrsta æfing fari fram fyrir árslok 2010. Æfingar hafa ekki enn hafist. Frávikið var einni skráð í eftirlitsheimsókn þann 28. október 2016. Úrbótaáætlun rekstraraðila sem send var þann 10. desember 2016 og var samþykkt af Umhverfisstofnun gerði ráð fyrir því að æfing flotgirðingar yrði haldin þann 10. maí 2017. Í tölvupósti frá rekstraraðila þann 8. ágúst sl. var upplýst að ekki hafi orðið af æfingunni og óskað eftir fresti þar til úttekt á mengunarvarnarbúnaði hafna landsins hefði farið fram.


Þann 16. nóvember sendi rekstraraðili Umhverfisstofnun gögn þar sem fram kemur að rekstraraðili sé langt kominn með að hækka veggj lekavarnarþróar kringum lýsistanka verksmiðjunnar. Þá segir að Ari Jónsson véltæknifræðingur hafi verið fenginn til að meta rúmtak þróarinnar og að niðurstaðan sé sú að hún rúmi nú 39,7% meir en kæmi í hana við leka stærsta tanks eftir hækkun veggja. Sendar voru myndir af framgangi verksins og skjöl til stuðnings á útreikningi þróarrýmis.

Samkvæmt þessu eru lýsisgeymar nú í lýsisheldri þró í samræmi við ákvæði 2.22. Því eiga þær sérstöku aðstæður sem fjallað er um í grein 2.22 ekki við. En vegna sérstaka aðstæðna á athafnasvæði rekstraraðila á Óslandi var heimilað í starfsleyfi að rúmtak lekavarnar takmarkaðist að lágmarki við 60% af rýmd geymis enda væri til staðar flotvarnagirðing. Nú er rúmtak lekavarnar meira en 90% og er því ekki lengur krafa að flotvarnagirðing sé til staðar. **Fráviki telst því lokið.**



Gunnlaug H. Einarsdóttir
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Svava Pétursdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands